



# Ytra mat

## Leikskólinn Jötunheimar

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir  
© Menntamálastofnun, 2017.  
ISBN 978-9979-0-2170-4

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna . . . . .	5
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Gagnaöflun . . . . .	7
Leikskólinn og umhverfi hans . . . . .	8
Leikskólinn . . . . .	8
Starfsmenn . . . . .	8
Húsnæði . . . . .	8
Útileiksvæði . . . . .	9
Hugmyndafræði og áherslur . . . . .	9
Stjórnun . . . . .	10
Stjórnskipulag og skipurit . . . . .	10
Námskrá og áætlanir . . . . .	10
Stjórnun og starfsmenn . . . . .	11
Fagleg forysta . . . . .	12
Starfsandi og starfsánægja . . . . .	13
Uppeldis- og menntastarf . . . . .	14
Námsaðstæður . . . . .	14
Starfshættir . . . . .	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna . . . . .	15
Námssvið . . . . .	15
Velferð og líðan barna . . . . .	16
Mat á námi og velferð barna . . . . .	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl . . . . .	17
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun . . . . .	17
Viðhorf foreldra . . . . .	18
Samstarf við grunnskóla . . . . .	18
Annað samstarf . . . . .	18
Skóli án aðgreiningar . . . . .	19
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla . . . . .	19
Börn með annað móðurmál en íslensku . . . . .	20
Innra mat . . . . .	20
Skipulag og viðfangsefni . . . . .	20
Gagnaöflun og vinnubrögð . . . . .	21
Opinber birting og umbætur . . . . .	21
Matsþættir . . . . .	22
Samantekt . . . . .	23
Lokaorð . . . . .	26
Heimildir . . . . .	27



## Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

### *Leikskólinn og umhverfi hans*

Leikskólinn Jötunheimar er sex deilda leikskóli í sveitarfélaginu Árborg. Einkunnarorð leikskólans er „leikurinn á vísdóm veit“. Lögð er áhersla á sjálfsprottinn leik og leikinn sem námsleið. Það endurspeglast vel í starfinu. 40 starfsmenn starfa við leikskólann og af þeim hópi eru 42% leikskólakennarar og uppfyllir leikskólinn því ekki ákvæði laga nr.87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Húsnæði leikskólans uppfyllir vel lágmarksaðstöðu í leikskólum samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr.655/2009. Húsnæði leikskólans er óvenju rúmgott og rými er fyrir flesta þætti starfseminnar. Allir stjórnendur hafa sér skrifstofur, stór og rúmgóður salur er í húsinu. Aðstaða starfsmanna er til fyrirmyndar s.s. aðstaða til undirbúnings, kaffistofa, fataherbergi og salernisaðstaða. Útivistarsvæði mætti þó bæta. Lóðin er ekki stór fyrir þann fjölda sem er í leikskólanum, ekki er sérstakt leiksvæði fyrir yngstu börnin. Leiktæki eru flest staðsett á litlu svæði og þröngt um þau. Jarðvegur í lóð er holóttur og liggur vatn á lóðinni. Bílastæði eru of fá við leikskólann. Foreldrar og starfsmenn koma á sama tíma á morgnana sem þýðir að starfsmenn fá jafnvel ekki bílastæði.

### *Stjórnun – Skólabragur og samskipti*

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa stýrt skólanum frá 2014 og mynda þeir gott teymi, vinna vel saman og styðja hvorn annan. Verkaskipting er skýr en er ekki skrifleg. Stjórnendur eru sýnilegir í starfi og aðgengi að þeim er gott. Skólabragur og starfsandi er góður og mikill faglegur metnaður er í starfsmannahópnum. Starfsmannahópurinn er þéttur, styðjandi og stendur vel saman. Stjórnunarhættir í leikskólanum eru lýðræðislegir og einkennast af valddreifingu og dreifðri stjórnun. Hlustað er eftir sjónarmiðum allra starfsmanna og fá allir að hafa rödd. Hvatt er til símenntunar, gerð símenntunaráætlun og símenntun starfsmanna skráð. Verkferlar eru skýrir og sýnilegir þannig að til fyrirmyndar er. Stjórnendateymisfundir og deildarfundir eru vikulega og falla sjaldan niður. Þá er þannig haldið utan um undirbúningstíma að til fyrirmyndar er fyrir aðra leikskóla.

### *Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna*

Andrúmsloft í leikskólanum er einstaklega gott og samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu, trausti og umhyggju fyrir einstaklingnum. Sjá má að börnunum í leikskólanum líður vel, samskipti í hópnum eru góð og einkennast af jafnrétti. Í öllu starfi leikskólans kemur heildarstefnan skýrt í ljós. Dagskipulagið einkennist af sjálfsprottnum leik, hópstarfi og útivist. Sjálfsprottnum leik er gert hátt undir höfði og hafa börnin góðan samfelldan tíma fyrir hann. Börnin hafa gott aðgengi að leikföngum og öðrum efniviði í sjálfsprottna leiknum og húsnæðið er nýtt þannig að í leiknum myndast flæði. Unnið er með verkefnið Lubbi finnur málbein á öllum deildum leikskólans og er það mjög sýnilegt í umhverfinu. Einnig hefur starfsfólk verið mjög hugmyndafríkt og duglegt að útbúa alls konar kennslugögn í tengslum við Lubba verkefnið. Lögð er áhersla á að vinna í litlum hópum og dreifa barnahópnum á svæði og nýta húsnæðið sem best. Það er meðal annars gert með því að hafa hluta af barnahópnum úti á meðan annar hluti er inni. Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námsvið aðalnámskrár. Ákveðnir starfsmenn sinna aðallega listsköpun og hreyfingu. Við mat á námi barna eru notaðir ýmsir listar. Auka mætti lýðræðislega þátttöku barna og aðkomu þeirra að skipulögðum stundum og innra mati, ásamt því að gera það sýnilegra.

### ***Foreldrasamvinna og ytri tengsl***

Viðhorf foreldra til leikskólans eru góð. Foreldrar segja að þeir eigi góð samskipti við starfsfólk og þeim finnst viðhorf starfsfólks til barna einkennast af virðingu og hlýju. Foreldrum finnst mikil fagmennska einkenna starfið í leikskólanum og að gott sé að leita til bæði starfsmanna og stjórnenda. Yfirleitt sé reynt að koma til móts við óskir foreldra. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og hefur það sett sér verklagsreglur. Fundargerðir foreldraráðs birtast á heimasíðu skólans. Foreldrafélag er virkt og styður það vel við starf leikskólans. Formlegt og gott samstarf er við grunnskólann og er sérstakt teymi á milli skólastiga sem fundar á tveggja mánaðar fresti. Á heimasíðu leikskólans kemur fram hvernig samstarfi leik- og grunnskóla í Árborg er háttað. Foreldrakönnun Skólapúlsins 2017 leiddi í ljós að 92% foreldra eru ánægð með leikskólann.

### ***Skóli án aðgreiningar***

Sérkennsustjóri er starfandi við leikskólann. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir sérkennslubörn og teymi skipuð í kringum þau. Stefna skólans er að vinna sem mest með sérkennslubörnin inni á deild en unnið er með þau einstaklingslega ef þörf krefur. Sveitafélagið Árborg hefur gert skriflega verkferla fyrir leikskóla ef upp kemur grunur um þroskafrávik og eru þeir birtir á heimasíðu leikskólans. Allt starfsfólk leikskólans fær upplýsingar og fræðslu um sérkennslubörnin á deildarfundum og skipulagsdögum. Einnig er það hvatt til að sækja námskeið og aðra fræðslu utan leikskólans. Góð aðstaða og búnaður er til sérkennslu í leikskólanum.

### ***Innra mat***

Innra mat leikskólans er kerfisbundið og mynda stjórnendur matsteymi. Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta starfið. Leikskólinn hefur gert sér langtíma matsáætlun til sex ára. Í ársskýrslu leikskólans kemur fram að mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti s.s. umræðum á deildarfundum, deildarstjórafundum, skipulagsdögum og í starfsmannasamtölum. Í rýnihópum kom fram að matið væri frekar huglægt. Mat á framförum barna fer fram reglulega og eru nýttir ýmsir matslistar. Í gegnum Skólapúlsinn er send könnun til foreldra annað hvert ár og starfsmanna hitt árið og eru niðurstöður nýttar í innra mat. Niðurstöður úr innra mati og umbótaáætlun eru birtar á heimasíðu leikskólans.

## Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat í leikskólanum Jötunheimar í Árborg. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Ingu Dóru Jónsdóttur og Guðrúnu Samúelsdóttur og fór fram á vettvangi í nóvember 2017. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum<sup>1</sup>.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

## Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra Jötunheima í byrjun nóvember 2017 á rafrænu formi<sup>2</sup>. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu 4 daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtöl voru tekin við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og haft var samband við fræðslustjóra. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til<sup>3</sup>. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

<sup>1</sup>Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>2</sup>Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

<sup>3</sup>Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

## Leikskólinn og umhverfi hans

### Leikskólinn

Leikskólinn Jötunheimar er sex deilda leikskóli í sveitafélaginu Árborg sem er rekstraraðili leikskólans. Jötunheimar hóf starfsemi í september 2008 í nýju húsnæði við Norðurhóla 3. Voru þar sameinaðir tveir eldri leikskólar, Glaðheimar og Ásheimar sem jafnframt voru lagðir niður. Í leikskólanum dvelja 125 börn á aldrinum 1 árs til 5 ára. 60 stúlkur og 65 drengir. Fimm börn eru með skilgreinda tíma í sérkennslu. Fjögur börn eru með annað móðurmál en íslensku. Yngri börnin eru á þremur deildum sem staðsettar eru í öðrum enda hússins og börn frá 3ja ára aldri í hinum endanum á þremur deildum. Yngri barna deildir heita: Aðalból, Fossmúli og Merkiland og eldri deildir eru: Sólbakki, Sunnuhvoll og Fagurgerði. Deildum og öðrum vistarverum voru gefin nöfn gamalla húsa í Árborg. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:45-16:30.

### Starfsmenn

Í leikskólanum starfa 40 starfsmenn í 36.5% stöðugildum, 38 konur og tveir karlmenn. Hlutfall leikskólakennara af starfsmannahópnum er 42% og uppfyllir skólinn því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Leikskólastjóri er með bæði grunnskóla- og leikskólakennaramenntun, er með M.Ed. gráðu í stjórnun menntastofnana og er í doktorsnámi við HÍ. Bæði leikskólastjóri og aðstoðarleikskólustjóri, sem er leikskólakennari, eru í 100% stjórnunar starfi. Sérkennslustjóri er leikskólakennari og er í námi í sérkennslufræðum. Sérkennslustjóri er í 80% starfshlutfalli. Aðrir stjórnendur eru sex deildarstjórar. Fimm eru leikskólakennarar og einn er þroskaþjálfari. Leikskólakennarar eru 15. Einn starfsmaður er með bæði leikskólakennara- og grunnskólakennaramenntun, einn er þroskaþjálfari og tveir starfsmenn eru með menntun í uppeldis- og menntunarfræði. Tveir eru með menntun í mannfræði. Einn starfsmaður er íþróttakennari og annar íþróttufræðingur. Ófagmenntaðir starfsmenn eru 11. Þrír starfsmenn eru í námi í leikskólakennarafræðum og fjórir eru leikskólaliðar.

Að sögn leikskólustjóra er frekar mikill stöðugleiki í starfsmannahópnum, meðal lífaldur hópsins er u.þ.b. 41 ár og hafa nokkrir hætt vegna aldurs og yfirleitt þarf ekki að ráða nema einn - fjóra á hverju hausti<sup>4</sup>.

### Húsnæði

Húsnæði leikskólans var tekið í notkun árið 2008 og er 980 fermetrar að flatarmáli.

Húsið er lengja þar sem þrjár deildir fyrir yngri börnin ásamt sameiginlegum fataklefa eru staðsettar í öðrum endanum og í hinum endanum eru þrjár deildir fyrir eldri börnin ásamt sameiginlegum fataklefa. Hver deild samanstendur af þremur stofum, hreinlætisaðstöðu og geymslu. Gengið er inn í leikskólann í gegnum fataklefana. Í miðju hússins er eldhús, þvottahús, skrifstofur leikskólustjóra, aðstoðarleikskólustjóra og sérkennslustjóra, en allir hafa þeir sér skrifstofur. Þar er einnig stórt undirbúningsherbergi fyrir starfsfólk, viðtalsherbergi og fjölnota salur. Tvær listastofur eru einnig í miðrymi, önnur fyrir yngri börnin og hin fyrir þau eldri. Kaffistofa starfsfólks er fyrir miðju hússins stór og björt, innangengt er í hana frá götunni í gegnum lítinn gang og stórt fataherbergi starfsmanna þar sem eru tvö salerni og læst munahólf fyrir hvern starfsmann. Langur gangur liggur í gegnum allt húsið og er þar komið fyrir litlum leiksvæðum svo og leikfangabanka og bókasafni. Þá er við inngang yngri barna deilda skúr þar sem foreldrar geta geymt vagna, kerrur og bílstóla. Húsnæði leikskólans uppfyllir vel

<sup>4</sup> Tölvupóstur frá leikskólustjóra.



lágmarksaðstöðu samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að raki sé sums staðar í húsinu vegna leka og húsið sé gisið svo að gustaði inni. Þá kom fram í rýnihópi deildarstjóra að erfitt sé að stilla hitastigið í húsinu þannig að ýmist er of heitt eða of kalt inni. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að ekkert opnanlegt fag er á gluggum á skrifstofu sérkennslustjóra og því erfitt að vera lengi þar inni vegna loftleysis. Þá kom fram í rýnihópum deildarstjóra og leikskólakennara að æskilegt sé að fækka börnum á deild ef mikið fötluð börn með mörg hjálpartæki eru á deildinni. Mikið fötluð börn hafa verið í leikskólanum sem tekið hafa mikið rými. Í lögum um leikskóla 12/2008 um húsnæði og fjölda barna segir „Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps“.

## Útileiksvæði

Útileiksvæði leikskólans liggur meðfram bakhlið skólans og er langt og mjótt. Ekki stórt miðað við þann fjölda barna sem í leikskólanum er, en starfsmenn eru duglegir að nýta umhverfi leikskólans með börnunum í vettvangsferðum og göngutúrum. Þá fer hluti af barnahópnum út í einu. Mörg leiktæki eru í garðinum en þröngt er um þau og þau staðsett of þétt á of litlu svæði. Ekki er afgirt leiksvæði fyrir yngri börnin og geta þau auðveldlega hlaupið fyrir rólurnar þar sem lítið pláss er á milli þeirra. Hólar eru á lóðinni þar sem jarðvegurinn hefur grafist undan og myndað hættulegar holur. Lóðin er ójöfn og myndast djúpir pollar í henni. Í öllum rýnihópum kom sterkt fram að nauðsynlegt væri að endurbæta lóðina. Mikið vatn sé í henni og hún óhentug fyrir yngri börnin. Gott væri að hafa afmarkað leiksvæði fyrir yngstu börnin. Yngstu börn leikskólans eru rúmlega eins árs þannig að breytt aldursbil er í barnahópnum. Þá kom einnig sterkt fram í öllum rýnihópum að bílastæðamál leikskólans væru í ólestri. Of fá bílastæði eru við skólann. Starfsfólk á erfitt með að fá bílastæði þegar það mætir til vinnu og mætir því jafnvel of seint<sup>5</sup>.

## Hugmyndafræði og áherslur

Einkunnarorð leikskólans eru: *Leikurinn á vísdom veit*. Einkunnarorðin eru sýnileg á veggjum skólans, í skólanámskrá og í starfsáætlun. Einnig kom fram í flestum rýnihópum að starfsfólk þekkir einkunnarorðin og veit hvað þau standa fyrir. Unnið er í gegnum leikinn og sjálfssprottum leik gert hátt undir höfði. Samfelldur tími fyrir leik er mikilvægur og miðast dagskipulag við það<sup>6</sup>. Þá er lögð rík áhersla á að andrúmsloft einkennist af vináttu og gleði<sup>7</sup>. Lítið er á leikinn sem kennsluáðferð kennarans<sup>8</sup>. Sjálfsprottinn leikur fær mikið rými í dagskipulaginu og velja börnin þá efnivið, félag og staðsetningu innan deildar. Ekki er unnið beint eftir ákveðinni stefnu en það besta tekið úr hinum ýmsu stefnum<sup>9</sup>. Áberandi var hve mikið er unnið með læsi í víðum skilningi, þar sem *Lubbi finnur málbein* er nýttur og eru markvissar Lubbastundir vikulega á hverri deild. Þá er Lubbi nýttur í leikum<sup>10</sup>. Lubbi og ýmislegt honum tengt var mjög sýnilegt á deildunum<sup>11</sup>. Í rýnihópi foreldra kom fram ánægja með Lubbastundirnar og hvernig leikurinn er nýttur til náms en þeir gátu ekki nefnt einkunnarorð leikskólans<sup>12</sup>. Þá er unnið með heilbrigði, andlega, félagslega og líkamlega vellíðan. Sem felst í því að öll börn fari út einu sinni á dag, fái markvissa alhliða hreyfingu og að allur matur sé að mestu unninn frá grunni<sup>13</sup>. Leikskólinn er formlega orðinn þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi leikskóli* sem er á vegum Landlæknisembættisins og er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsuefingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans<sup>14</sup>.

<sup>5</sup> Rýnihópar allra í leikskólanum.

<sup>6</sup> Starfsáætlun Jötunheima 2017-2018.

<sup>7</sup> Starfsáætlun Jötunheima 2017-2018.

<sup>8</sup> Starfsáætlun Jötunheima 2017-2018.

<sup>9</sup> Rýniviðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra.

<sup>10</sup> Rýniviðtöl við aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>11</sup> Vettvangathugun.

<sup>12</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>13</sup> Starfsáætlun Jötunheima 2017-2018.

<sup>14</sup> Heimasíða Jötunheima.

## Styrkleikar

- Góð aðstaða er fyrir alla þætti leikskólastarfsins.
- Leikurinn er nýttur sem kennsluáferð.
- Unnið er markvisst með læsi samanber verkefnið Lubbi finnur málbein.
- Dagskipulag miðast við að samfelldur tími sé fyrir sjálfsprottinn leik.
- Unnið er markvisst með hreyfingu og vellíðan.
- Matur er að mestu leyti unninn frá grunni.
- Leikskólinn tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi leikskóli á vegum Landlæknisembættisins.

## Tækifæri til umbóta

- Bæta þarf hitastýringu á húsinu.
- Laga þarf leka í húsinu.
- Bæta þarf loftræstingu á skrifstofu sérkennslustjóra með opnanlegum glugga.
- Bæta þarf aðkomu að skólanum með fjölgun bílastæða.
- Endurgera þarf lóð leikskólans.
- Æskilegt er að afmarka öruggt leiksvæði fyrir yngstu börnin í útiveru.
- Æskilegt er að skoða hvort þörf er á barnafækkun á deildum þar sem mikið fötluð börn eru.

## Stjórnun

### Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Jötunheima er sveitafélagið Árborg. Fræðslunefnd sem skipuð er af bæjarstjórn Árborgar fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu sem rekur fimm leikskóla. Fjórir eru á Selfossi og einn sameinaður við ströndina þ.e. Eyrabakka og Stokkseyri. Fræðslustjóri er næsti yfirmaður leikskólastjóra<sup>15</sup>.

Hjá skólaþjónustu Árborgar starfar sérkennslufulltrúi sem annast m.a faglega ráðgjöf til leikskóla vegna barna sem njóta sérfræðiaðstoðar eða sérkennslu<sup>16</sup>. Staða sérkennslufulltrúa verður lögð niður 1. janúar 2018 og á sama tíma verður til ný staða leikskólaráðgjafa<sup>17</sup>.

Sálfræðingur frá skólaþjónustu Árborgar kemur á ca. 6 vikna fresti í leikskólann og fundar með deildarstjórum. Engir talmeinafræðingar starfa hjá skólaþjónustunni en það er leyst með aðkeyptri þjónustu frá Talþjálfun Suðurlands og TRÖPPU í talþjálfun. Greiningar eru gerðar af talmeinafræðingum í verk-töku<sup>18</sup>. Þá er að sögn leikskólastjóra mjög góð samvinna við félagsþjónustu og heilsugæslu. Góð samskipti eru á milli leikskóla og skólaþjónustu að sögn skólastjórna og segja þeir fræðslunefnd vera að gera sitt besta og fræðslustjóri er mjög leikskólamiðaður að þeirra mati. Í símaviðtali við fræðslustjóra kom fram að fræðslunefnd leitaði mikið til leikskólastjóra Jötunheima þar sem mikil fagþekking sé í skólanum og samskipti góð.

### Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá leikskólans Jötunheima var síðast endurgerð 2015. Endurskoðun er á áætlun 2018 og skil eigi síðar en 2019<sup>19</sup>. Í flestum rýnihópum kom fram að allt starfsfólk hafi komið að vinnu við skólanámskrána en ekki foreldrar eða börn. Skólanámskráin uppfyllir í meginatriðum þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

<sup>15</sup> Heimasíða Árborgar.

<sup>16</sup> Heimasíða Árborgar.

<sup>17</sup> Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

<sup>18</sup> Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

<sup>19</sup> Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

Starfsáætlun 2017-2018 liggur fyrir og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í starfsáætlun kemur m.a. fram símenntunaráætlun leikskólans. Í starfsáætlun er áætlun um hvernig skuli unnið með námsþættina: læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Þar eru sett fram markmið, leiðir að markmiðum, mat, mælikvarðar og ábyrgð. Áætlun er annars vegar fyrir eldri börnin og hins vegar fyrir yngri börnin. Allt starfsfólk kemur að gerð starfsáætlunar en ekki foreldrar og börn.

Þá er einnig gerð ársskýrsla síðasta árs þar sem er skoðað hvernig til hefur tekist með starfsáætlun síðasta árs<sup>20</sup>.

Starfsmannahandbók/starfsmannakver er til og fá allir nýliðar í leikskólanum það afhent þegar þeir hefja störf.

Í leikskólanum Jötunheimum hefur verið gerð læsisstefna. Sveitafélagið Árborg vann læsisstefnu sem tekur mið af læsisstefnu allra leikskóla í Árborg. Einn fulltrúi frá hverjum leikskóla kom að þeirri vinnu<sup>21</sup>.

Verkferlar um móttöku nývistunar barna eru til. Teymi innan leikskólans er með þennan þátt í endurskoðun í vetur og er ætlað að samræma verklag enn betur á milli deilda.

Móttökuáætlun vegna barna sem eiga annað móðurmál en íslensku er í vinnslu á vegum sveitafélagsins af teymi sem stýrt er af kennsluráðgjafa í skólaþjónustu Árborgar. Í teyminu situr einn fulltrúi frá hverjum skóla sveitarfélagsins.

Áfalla- og slysaáætlun leikskóla Árborgar var unnin af leikskólastjórum Árborgar og kom hún út í júní 2017<sup>22</sup>. Jafnréttis- og eineltisáætlun Jötunheima gildir til 2017 og er endurskoðun á áætlun 2018. Forvarnaráætlun er gerð af sveitarfélaginu og er farið eftir henni. Viðbragðsáætlun vegna inflúensu var gerð 2014 og byggir á viðbragðsáætlun Almannavarna. Viðbragðsáætlun vegna gosmengunar er til og byggir á ráðleggingum frá Umhverfisstofnun. Allar þessar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu Jötunheima.

## Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Núverandi leikskólastjóri Jötunheima hefur stýrt skólanum frá árinu 2014. Aðstoðarleikskólastjóri hefur starfað við leikskólann frá upphafi, fyrst sem deildarstjóri en tók við stöðu aðstoðarleikskólastjóra 2014. Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er skýr að mati stjórnenda en er ekki skrifleg. Báðir stjórnendur telja að verkaskipting sé starfsfólki ljós og að leitað sé jafnt til þeirra beggja<sup>23</sup>. Aðstoðarleikskólastjóri er í 100% starfi og hefur umsjón með starfsmannamálum og situr með leikskólastjóra í starfsmannasamtölum. Leikskólastjóri er í 100% starfi og er meira í faglegri forystu<sup>24</sup>.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr saka-vottorði áður en ráðning fer fram. Móttökuáætlun nýrra starfsmanna er til staðar svo og starfsmannakver/starfsmannahandbók. Í móttökuáætlun er gert ráð fyrir að nýliðar fari í viðtöl til stjórnenda en deildarstjórar og leikskólakennarar með reynslu sjá um daglega handleiðslu nýliða<sup>25</sup>.

Stjórnendateymi leikskólans er myndað af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjórum. Leikskólastjóri notar dreifða stjórnun og valddreifingu, leggur línurnar en hvetur starfsfólk til að vera lausnarmiðað<sup>26</sup>. Stjórnendur skipuleggja starfið en deildarstjórar útdeila verkum þ.e. dreifð stjórnun<sup>27</sup>.

Stjórnskipan leikskólans er sett fram í skipuriti í starfsáætlun Jötunheima<sup>28</sup>.

Fulltrúar frá hverri deild funda stutta stund á hverjum morgni klukkan 8:15 þar sem farið er yfir daginn og hann skipulagður. Fundargerð fer í tölvupósti strax að loknum morgunfundi til allra starfsmanna svo allir eiga að vita hvað er framundan. Aðstoðarleikskólastjóri stýrir morgunfundum og sendir út fundargerð. Auk þess sem deildarstjórar skrá í dagbækur<sup>29</sup>.

<sup>20</sup> Heimasíða Jötunheima.

<sup>21</sup> Heimasíða Jötunheima.

<sup>22</sup> Heimasíða Jötunheima.

<sup>23</sup> Rýnivíðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>24</sup> Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

<sup>25</sup> Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

<sup>26</sup> Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

<sup>27</sup> Rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>28</sup> Starfsáætlun Jötunheima.

<sup>29</sup> Rýnivíðtal við aðstoðarleikskólastjóra og vettvangsathugun.

Deildarstjórafundir eru einu sinni í viku þar sem teknar eru ákvarðanir, fjárhagsáætlun er rædd svo og skýrslur sem eru í gangi. Upplýsingastreymi kemur frá leikskólastjóra. Þá eru hjartans mál rædd og jafnvel handleiðsla innan hópsins. Deildarstjórar telja þessa fundi mjög gagnlega og nýtast vel<sup>30</sup>.

Deildarfundir eru einu sinni í viku og kom fram í rýnihópum deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna að þeir féllu yfirleitt ekki niður. Á deildarfundum er fjallað um starfið á deildinni, einstök börn og foreldraviðtöl. Umræðan er skráð í deildarfundarbók en ekki færð formleg fundargerð. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að á deildarfundum sé fylgt eftir ákvörðunum, mestur tími fari í að ræða börnin og skipulag á deildinni. Tíminn fyrir deildarfundum sé of stuttur til að hægt sé að ræða starfið.

Einstaklega vel er haldið utan um undirbúningstíma starfsmanna og er það til fyrirmyndar. Hver fagmaður á sinn ákveðna tíma og kemur afleysing inn á meðan. Ófaglærðir starfsmenn fá klukkutíma á viku og skipuleggur deildarstjóri hvenær hann fer fram. Í rýnihópi leikskólakennara kom fram að þess sé vel gætt af stjórnendum að undirbúningstímar gangi upp og stjórnendur eru færir í að skipuleggja og sjá út hvernig það sé hægt.

Áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi er sett upp fyrir starfsárið og er í starfsáætlun. Fjórir skipulagsdagar eru á áætlun. Þar fyrir utan er haustþing einn dag sem haldið er af FL og FSL og er fyrir alla starfsmenn leikskóla á Suðurlandi. Annað hvert ár er Skóladagur Árborgar þar sem fer fram fræðsla fyrir starfsmenn allra skóla sveitafélagsins, þá koma bæði skólastigin saman og kynna starfið í hverjum skóla<sup>31</sup>. Fjórir starfsmannafundir eru á áætlun og er yfirvinna greidd af Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins og tengist þróunarverkefninu „Við erum eins og samfélag“<sup>32</sup>. Persónuupplýsingar eru geymdar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum.

## Fagleg forysta

Leikskólastjóri segist í viðtali nota dreifða stjórnun, valddreifingu og lýðræðisleg vinnubrögð. Hann segist vera metnaðarfullur stjórnandi, samviskusamur og skipulagður<sup>33</sup>. Aðstoðarleikskólastjóri segist í viðtali reyna að byggja upp traust við starfsmenn, vera ákveðinn en sanngjarn. Saman mynda stjórnendur gott teymi og þeir viti vel hvað hinn er að gera og geti stokkið í verkefni hvor hjá öðrum<sup>34</sup>.

Að mati leikskólakennara er það stjórnendateymi sem skipuleggur og leiðir leikskólastarfið en vel er hlustað á allar raddir og fólk hvatt til að pófa. Deildarfundir og skipulagsdagar eru nýttir til að fá hugmyndir og tillögur frá starfsfólki<sup>35</sup>.

Í rýniviðtölum við starfsmenn kom fram að leikskólastjóri sé mjög sýnilegur, gott aðgengi sé að honum og hann hvetji starfsfólk til að leita til sín. Í rýnihópi leikskólakennara kom fram að leikskólastjóri sé opinn, faglegur, sýnilegur og mjög aðgengilegur. Hann hvetji, hrósi, hlusti eftir hugmyndum starfsmanna og er ótrúlega duglegur að virkja starfsmenn.

Í Jötunheimum er verið að vinna þróunarverkefnið „Við erum eins og samfélag“ –Uppbygging lærdómssamfélags í Jötunheimum. Verkefni þessu er ætlað að auka fagmennsku kennara, styrkja starfsaðferðir þeirra og efla skólamenningu Jötunheima. Verkefni þetta er styrkt af Sprotasjóði. Styrkurinn nýtist til að greiða fjóra starfsmannafundi á árinu<sup>36</sup>.

Til að efla sig í starfi hefur starfsmannahópurinn verið að lesa námsheftin sem tengjast grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá leikskóla. Í vetur er lögð áhersla á að lesa grunnheftið Heilbrigði og velferð<sup>37</sup>. Allir starfsmenn fá undirbúningstíma til að lesa. Eftir að hafa lesið ákveðinn kafla þá er fjallað um hann á deildarfundum og deildarstjórar koma niðurstöðum umræðna áfram til stjórnendateymis. Áður hefur verið fjallað á þennan hátt um grunnþættina lýðræði og læsi. Deildarstjórar telja verkskiptingu stjórnendateymis mjög skýra og skilvirka<sup>38</sup>. Í vettvangsathugun kom vel í ljós hve allir verkefjar og skipulag var skýrt og öllum meðvitað. Foreldrar sögðu báða stjórnendur mjög sýnilega og gott væri að leita til þeirra<sup>39</sup>. Þegar börnin voru spurð hvort þau þekki leikskólastjórann var svarið: já, allir vita það í leikskólanum, hún heitir Júlí. Hún ræður og segir kennurunum hvað þeir eigi að gera. Hún vinnur á skrifstofunni, hún tekur póstinn og býður í kaffi<sup>40</sup>.

<sup>30</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>31</sup> Rýniviðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>32</sup> Starfsáætlun Jötunheima.

<sup>33</sup> Rýniviðtal við leikskólastjóra.

<sup>34</sup> Rýniviðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>35</sup> Rýnihópur leikskólakennara.

<sup>36</sup> Starfsáætlun Jötunheima.

<sup>37</sup> Starfsáætlun Jötunheima.

<sup>38</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>39</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>40</sup> Rýnihópur barna.

## Starfsandi og starfsánægja

Í öllum rýnihópum kom fram að starfsandi og skólabragur einkennist af gagnkvæmri virðingu, metnaði og trausti. Allir fá að hafa rödd og lýðræðisleg vinnubrögð, gleði og jákvæðni sé einkennandi. Hópurinn er þéttur og samheldinn, fólk líður vel í starfi og telur að hæfni þess nýtist vel. Auðvelt er að leita til stjórnenda og samstarfsmanna. Ef upp koma ágreiningsefni eru þau leyst. Skemmtinefnd starfsmanna er starfandi og stendur fyrir viðburðum mánaðarlega og gerir viðburðardagatal<sup>41</sup>. Það kom einnig vel fram í vettvangsathugun hve skólabragur var afslappaður og samhljómur var í starfsmannahópnum.

Í rýnihópi starfsmanna kom fram að andrúmsloftið sé gott og auðvelt fyrir nýliða að komast inn í hópinn. Mikill metnaður sé í starfsmannahópnum og það auki á metnaðinn að fá að hafa rödd og vera með í ákvörðunum. „Okkur er hrósað og okkur er þakkað fyrir.“

Kom fram að mikil hvatning komi frá stjórnendum og starfsfólk sé duglegt að deila þekkingu sín á milli. Tekið er tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna í hópnum og sýndur stuðningur, samhugur og traust<sup>42</sup>. Í rýnihópum leikskólakennara og deildarstjóra kom fram að tvö áföll hafi orðið í leikskólanum í haust og hafi það þjappað hópnum saman og gert hann sterkari. Deildarstjórar segjast vera stoltir af starfinu og hafa mikinn faglegan metnað<sup>43</sup>.

Leikskólastjóri segir í viðtali að vel sé haldið utan um stjórnendur af hálfu sveitafélagsins. Hann segir að sér þyki óskaplega gaman að mæta í vinnuna og hafi unun af starfinu. Hann fáði mikið hrós frá yfirmanni og starfsfélögum í Árborg. Hann og aðstoðarleikskólastjóri vinna vel saman og þeir styðja hvorn annan.

Foreldrar upplifa góðan starfsanda, jákvæðni, gleði og metnaðarfullt starfsfólk<sup>44</sup>. Börnin segja að það sé gaman í leikskólanum og þau séu glöð<sup>45</sup>.

## Styrkleikar

- Góð samskipti og samvinna er á milli leikskóla og skólabjónustu Árborgar.
- Skólanámskrá var síðast endurskoðuð 2015 og er næsta endurkoðun á áætlun 2018.
- Skólanámskrá og starfsáætlun eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Jafnréttisáætlun, eineltisáætlun, áfallaáætlun, forvarnaráætlun eru til.
- Starfsandi og skólabragur er góður og öðrum til eftirbreytni.
- Starfsmannahandbók/starfsmannakver er afhent öllum nýliðum í starfi.
- Mikill metnaður er í starfi og eru starfsmenn stoltir af starfi sínu og líður vel.
- Unnið er að uppbyggingu lærdómssamfélags í Jötunheimum.
- Stjórnendateymi er sýnilegt og virkt.
- Allir starfsmenn fá að hafa rödd – hlustað er eftir skoðunum allra.
- Til eftirbreytni er að undirbúningstímar eru virtir og falla aldrei niður.
- Allir starfsmenn fá undirbúningstíma.
- Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti svo til fyrirmyndar er.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með starfið í leikskólanum.
- Foreldrar upplifa góðan starfsanda, jákvæðni, gleði og metnaðarfullt starfsfólk.
- Börnunum líður vel í leikskólanum.
- Sveitarfélagið heldur vel utan um stjórnendur.

<sup>41</sup> Rýnivíðtal við leikskólastjóra.

<sup>42</sup> Rýnihópur leikskólakennara.

<sup>43</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>44</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>45</sup> Rýnihópur barna.

## Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að sveitarfélagið endurskoði áfallaáætlun með tilliti til reynslu og veiti leikskólanum stuðning ef upp koma áföll.
- Gera má verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra skriflega.
- Auka þarf aðkomu barna og foreldra að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar. Æskilegt væri að fjölga starfsmannafundum til að hafa meira rými til faglegrar umræðu.

## Uppeldis- og menntastarf

### Námsaðstæður

Húsnæðið skiptist í yngri og eldri hluta með þremur deildum í hvorum enda. Sameiginleg rými eru listastofur, ein fyrir eldri börn og önnur fyrir yngri börn og salur til hreyfipjálfunar. Húsnæðið býður upp á að eldri börnin geti nýtt svæðið fyrir framan deildirnar til leikja auk þess að geta verið í litlum hópum í lokuðu rými til að minnka áreiti og hávaða.

Dagskipulag er gert sameiginlega fyrir allan skólann og skiptist það jafnt milli inniveru og útiveru. Hugmyndin er að börnunum sé skipt þannig að hluti þeirra sé úti á meðan hin börnin á deildinni eru inni. Þetta er gert til að vinna með minni barnahópa, nýta húsnæðið sem best og minnka álagið á börn og starfsfólk. Í dagskipulagi er gert ráð fyrir að hvert barn fari einu sinni í viku í hópastarf. Þá fara þau í hreyfistund og listsköpun einu sinni í viku. Auk þessa eru vettvangsferðir á dagskipulagi einu sinni í viku. Einnig er gert ráð fyrir miklum samfeldum tíma fyrir sjálfsprottinn leik.

Í skólanámskrá segir að efniviður til leikja sé fjölbreyttur og samanstandi af leikföngum og endurnýtanlegu efni sem hægt er að umbreyta í það sem hugmyndir barna og starfsfólks gefi kost á hverju sinni<sup>46</sup>. Mikið er af alls konar búningum, slæðum og teppum sem börnin geta nýtt í leiknum og einingarkubbar eru á sameiginlegu svæði eldri deilda. Í rýnivíðtölum kom fram að ekki er nein sérstök stefna í leikfangavali leikskólans<sup>47</sup>. Mikið er af allskonar leikföngum sem foreldrar hafa komið með að heiman og gefið leikskólanum. Í rýnihópum kom fram að starfsfólk tekur við öllu því sem foreldrar koma með<sup>48</sup>. Leikföngin eru geymd í geymslu inn af aðalstofu deilda og hafa börnin óheftan aðgang að þeim. Eina reglan er að þau verða að taka saman og ganga frá áður en þau sækja nýtt<sup>49</sup>.

Misjafnt er eftir deildum hversu sýnilegur annar efniviður er svo sem pinnar, perlur, leir, blöð og litir. Sums staðar höfðu börnin óhindraðan aðgang að því en annars staðar þurftu þau að biðja um að láta rétta sér. Bækur, púsl og spil voru aðgengileg börnunum nema á einni yngri deild, þar sem þannig efniviður var geymdur hátt uppi til að börnin næðu ekki í hann sjálf. Verkefnið *Lubbi finnur málbein* er mjög sýnilegt í öllu umhverfinu og var mikið af upplýsingum og verkefnum á veggjunum auk þess er mikið til af kennsluefni sem starfsfólk hefur búið til.

Sérstakar listastofur eru fyrir listsköpun og er sér stofa fyrir yngri börn og önnur fyrir eldri börn. Takmarkað aðgengi að efniviði er í listastofu yngri barnanna. Efniviður er geymdur hátt uppi eða í lokuðum skúffum og ekki sýnilegur. Eldri börnin hafa aðeins betra aðgengi að efniviði í sinni listastofu. Verkefni barnanna eru sýnileg í leikskólanum.

### Starfshættir

Í skólanámskrá segir að í Jötunheimum miðist allt starf leikskólans við leikinn og mikilvægi hans. Samfelldur tími fyrir leik er mikilvægur og dagskipulag tekur mið af því<sup>50</sup>. Í vettvangsathugun sáu matsaðilar að umhyggja, virðing og hlýja einkennir samskipti starfsfólks við börn. Sjálfsprottnum leik er gert hátt undir höfði, börnin hafa mikið rými til afnota og þau fá góðan tíma til að þróa leikinn og dýpka. Þátttaka starfsfólks í leik og verkefnum með börnunum var sýnileg á öllum deildum og einnig í útiveru. Til fyrirmyndar var hvernig starfsmenn nálgust börnin með því að færa sig niður til þeirra og sitja með þeim í verkefnum á gólfinu.

<sup>46</sup> Skólanámskrá Jötunheima.

<sup>47</sup> Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>48</sup> Viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>49</sup> Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmanna og barna.

<sup>50</sup> Skólanámskrá Jötunheima.

Matartímar eru tvískiptir. Börnin sem eru inni fyrir hádegi borða fyrst og á meðan þau eru að borða koma börnin af útisvæðinu inn og fara í samverustund. Á tveimur eldri deildum er starfsfólk að gera tilraun með að hafa matinn á hlaðborði og að börnin sæki sér mat á diskana. Á hinum deildunum er maturinn á borðinu en börnin skammta sér sjálf.

Starfsmenn nota skipulagsdaga til að ræða hvernig koma skal fram við börnin, hvernig talað er við þau og það að nota jákvæða hvatningu og hrós þegar við á<sup>51</sup>. Leikskólinn leggur mikla áherslu á málrækt og er unnið eftir verkefninu *Lubbi finnur málbein*. Í mars 2017 var foreldrakönnun lögð fyrir í Jötunheimum. Könnunin var á vegum Skólaláskansins. Spurt var um viðhorf foreldra til vinnubragða í leikskólanum og voru 94% foreldra ánægð með þau, einnig voru 97,7% foreldra ánægð með félagsleg samskipti barnanna. Foreldrar í rýnihópi töluðu um að jákvæð samskipti og jákvætt viðmót einkenni samskipti barna og starfsmanna<sup>52</sup>. Í vettvangsathugun var samstarf og samábyrgð starfsmanna sýnileg á öllum deildum. Í rýnihópum var talað um að samstarf innan og milli deilda væri gott, starfsmenn séu duglegir að miðla hugmyndum sín á milli og starfsmannhópurinn samstilltur<sup>53</sup>.

### Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Skólaárið 2015-2016 var í starfsáætlun lögð áhersla á lýðræði. Allir starfsmenn leikskólans lásu grunnhefti aðalnámskrár leikskóla um lýðræði. Samhliða þessu fór fram mikil umræða meðal starfsmanna um lýðræði og hvar það birtist í leikskólastarfinu. Í starfsáætlun 2017-2018 eru sett fram markmið um lýðræði sem kveða á um að hvert barn fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, vönduð sé orðræða, lögð áhersla á virka og gagnkvæma hlustun og að börnin nái færni í að taka þann valkost sem flestir velja. Markmið jafnréttis er að öllu leikskólasamfélaginu sé gert jafn hátt undir höfði<sup>54</sup>. Lýðræðisleg þátttaka barnanna er helst í sjálfsprottum leik. Í því felst að börnin velji sér viðfangsefni og skipti um eftir ákveðnum reglum, einnig mega þau ráða hvar þau leika. Í rýnihópum kom fram að börnunum væri mætt af virðingu og þar sem hægt væri fengju þau að hafa áhrif. Hlustað væri á hugmyndir barnanna og jafnvel breytt út frá þeim. Starfsfólk og stjórnendur móta reglur í skólanum og stundum eru börnin tekin með í það. Barnalýðræði birtist í því að þau hafa val um það sem þau gera yfir daginn. Börnin fá að skammta sér sjálf í matmálstímum, velja sér sæti við matarborðið og félag. Þau koma ekki beint að ákvarðanatöku. Börnin tóku ekki þátt í endurmati skólastarfsins síðasta vor. Fyrir ári tóku börnin þátt í endurmati en starfsfólki fannst það ekki skila árangri<sup>55</sup>. Í rýnihópi barna kom fram að starfsmenn eru góðir en leyfa börnunum ekki að ráða en það má velja sér vini<sup>56</sup>. Í vettvangsathugun var jafnrétti og lýðræði mjög sýnilegt í sjálfsprottna leiknum.

### Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Einnig má þar finna markmið og leiðir að þessari vinnu. Í starfsáætlun 2017-2018 er áætlun um hvernig unnið er að þessum þáttum annars vegar með eldri börnunum og hins vegar með þeim yngri. Þar eru tilgreind markmið, leiðir, mat, mælikvarðar og ábyrgðaraðilar.

Málrækt og málörvun eru grundvallarþættir í starfi leikskólans og fléttast inn í allt starf og leik barnsins. Í gegnum leikinn sprettur fram ný þekking og skilningur og barnið öðlast ótal tækifæri til tjáskipta og málörvunar sem leggur grunn að máltilfinningu þess<sup>57</sup>. Gerð hefur verið læsisstefna fyrir leikskólann þar sem meðal annars er lögð áhersla á að vinna með hljóðkerfisvitund, orðaforða, mál og hugtaka-skilning, tjáningu og samskipti. Í dagskipulagi er gert ráð fyrir samverustundum þar sem lesnar eru bækur og aðferðir orðaspjalls eru notaðar til að auka málskilning og orðaforða barnanna. Stafróf og tölustafir eru sýnileg á öllum deildum. Nokkuð er um það að notað sé ritmál til að merkja umhverfið. Mikil og markviss áhersla er lögð á vinnu með *Lubbi finnur málbein* og sást á vettvangi að verkefnið skilar sér inn í leik barnanna. Í tengslum við Lubba starfið hefur starfsfólk útbúið margvísleg námsgögn sem börnin hafa aðgang að. Á sumum deildum voru þulur plastaðar á borðin til að kenna börnunum

<sup>51</sup> Rýnihópur leikskólakennara.

<sup>52</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>53</sup> Rýnihópur starfsmanna, leikskólakennara, deildarstjóra. Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

<sup>54</sup> Starfsáætlun 2017-2018.

<sup>55</sup> Rýnihópur starfsmanna, leikskólakennara, deildarstjóra. Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

<sup>56</sup> Rýnihópur barna.

<sup>57</sup> Skólanámskrá Jötunheima.

í matartíma. Almennt er aðgengi barna að bókum gott og í sameiginlegu rými er vísir að bókasafni. Börnin eru hvött til frásagnar í Lubbastundum og í daglegu starfi<sup>58</sup>. Í rýnihóp starfsmanna kom fram að ekki væri markvisst verið að hvetja þau til frásagnar en hlustað væri á börnin og ef þau vilja segja frá í samverustund þá rétta þau upp hönd<sup>59</sup>. Ekki er unnið með skráningar og frásagnir barnanna.

Í starfsáætlun ársins 2017-2018 er lögð áhersla á að allt starfsfólk lesi og kynni sér þemahefti aðalnámsskrár um heilbrigði og vellíðan. Ætlaður er tími í dagskipulagi fyrir starfsfólk til lestrar og undirbúnings fyrir umræðu á þessum námsþætti. Útivist er að lágmarki einu sinni á dag og einu sinni í viku eru vettvangsferðir á dagskipulagi allra deilda. Salur er notaður til grófhreyfileikja og er það íþróttakennari sem hefur umsjón með þeirri vinnu. Eftir hádegismat fara sum börn í hvíld eftir aldri og þörfum. Markmið leikskólans er að hafa hollt og gott fæði fyrir börnin og að allur matur sé að mestu unninn frá grunni<sup>60</sup>.

Í rýnivíðtölum og á vettvangi kom fram að lítið er unnið með umhverfismennt og sjálfbærni. Ekki er unnið markvisst með flokkun sorps en þó kom fram að pappír er flokkaður og í vettvangsferðum er stundum verið að tína rusl. Á heimasíðu Árborgar er sagt frá þróunarverkefninu *Gullin í grenndinni* sem er samstarfsverkefni leik og grunnskóla og fjallar um umhverfismennt. Fram kom að farið væri í vettvangsferðir með eldri börnin í Fagraskóg en ekki væri um formlegt útinám að ræða<sup>61</sup>. Vinna með vísindi var ekki sýnileg en einingarkubbar eru í sameiginlegu rými á eldri deild og tölustafir eru sýnilegir í umhverfi barnanna.

Í skólanámskrá segir að skapandi starf fléttist inn í alla námsþætti leikskólans. Lögð sé áhersla á sköpunarferlið sjálft en ekki á afraksturinn og að börnin noti sitt eigið hugmyndaflug og skapi á eigin forsendum. Þau hafa meira val um viðfangsefni eftir því sem þau eldast. Sköpun er mikilvæg fyrir undirstöðufærni í lestri, skrift og töluðu máli og má þar meðal annars nefna takt og hrynjandi<sup>62</sup>. Í vettvangsathugun sáu matsmenn að í sjálfsprottna leiknum hafa börnin gott tækifæri til að nota eigið hugmyndaflug og sköpun. Listsköpun fer fram í listastofu og á eldri deildum er ákveðinn starfsmaður sem sér um vinnuna þar inni ásamt starfsmönnum af deildum. Á yngri deildunum eru það starfsmenn af deildunum. Fram kom að starfsmaður er búinn að ákveða fyrirfram hvað fram fer í listastofu en börnin geta komið með óskir og haft áhrif á vinnuna þar.

## Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er einstaklega gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, trausti og skilningi milli aðila. Í skólanámskrá segir meðal annars að hlutverk starfsfólks sé að stuðla að vellíðan barna í leikskólanum og að búa börnunum kærleiksríkt umhverfi<sup>63</sup>. Starfsfólk leitast við að sinna börnunum einstaklingslega og stuðla að því að allir eigi sinn rétt í barnahópnum. Í vettvangsathugun sást að starfsmenn sátu almennt á gólfinu hjá börnunum og léku við þau, einnig sást í útiveru að starfsfólk sat á jörðinni og lék við börnin. Almennt beygðu starfsmenn sig niður til barnanna þegar talað var við þau. Börnin voru mjög starfssöm og undu glöð í leik. Matsmenn fundu fyrir mikilli ró og yfirvegun í daglegu starfi og sýnilegt var að börnin voru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnun og var gefinn góður tími til þess s.s. að klæða sig úr og í og að ganga frá eftir matartíma. Foreldrakönnun skólapúlsins 2017 leiddi í ljós að 94% foreldra telja að barninu líði vel í leikskólanum. Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar telja að börnunum líði vel í leikskólanum og þau vilja alltaf fara á morgnana. Þeir telja að viðhorf starfsmanna til barnanna sé mjög gott og börnin séu boðin velkomin þegar þau koma í leikskólann<sup>64</sup>. Í rýnihópi barnanna kom fram að það er gaman að vera í leikskólanum og að þau eru glöð. Þau gátu sagt hvaða reglur væru í leikskólanum en það var aðallega hvað væri bannað að gera<sup>65</sup>.

<sup>58</sup> Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennarar.

<sup>59</sup> Rýnihópur starfsmanna.

<sup>60</sup> Skólanámskrá Jötunheima.

<sup>61</sup> Rýnihópur deildarstjóra.

<sup>62</sup> Skólanámskrá Jötunheima.

<sup>63</sup> Námskrá Jötunheima.

<sup>64</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>65</sup> Rýnihópur barna.



## Mat á námi og velferð barna

Mat á námi og velferð barna er unnið með skipulögðum hætti. Reglulega er fyllt út í Tras- lista en hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Orðaskil er málþroskapróf sem byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Foreldrar og starfsmenn meta málþroska barnanna og fylla út gátlista. Ef grunur vaknar um þroskafrávik er notaður Aeps-listi en hann er færnimiðaður listi og er unninn með foreldrum. Að hausti er gert Hljóm 2 próf á öllum elstu börnunum. Hljóm 2 er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund barnanna. Einnig er notast við íslenska smábarnalistann og íslenska þroskalistann þegar það á við. Gerður hefur verið gátlisti sem hópstjórar fylla út fyrir foreldrasamtöl. Hvert barn á sína möppu þar sem safnað er sýnishornum af myndsköpun barnanna en hún er ekki notuð til að meta nám þeirra og ekki fara fram neinar sérstakar upplýsingar<sup>66</sup>.

## Styrkleikar

- Leitast er við að nýta allt húsnæðið sem best og vinna með börnin í litlum hópum.
- Gert er ráð fyrir löngum samfelldum tíma fyrir leikinn.
- Börnum eru gefin tækifæri til að þróa hugmyndir sínar í gegnum leik.
- Börnin hafa frjálst val um leiksvæði innandyra, gott aðgengi að efnivið og frjálst val um leikfélaga.
- Fjölbreyttur efniviður er til staðar fyrir börnin.
- Starfsfólk leggur sig fram um að hafa jákvæð samskipti við börnin.
- Stefna leikskólans birtist skýrt í leikskólastarfinu.
- Unnið er markvisst að því að viðhalda og auka jákvæðni og gleði í leikskólanum.
- Stöðugleiki er í starfsmannahópnum.
- Leikskólinn hefur skýra verkferla varðandi þróun skólustarfs.

## Tækifæri til umbóta

- Endurskoða má lýðræðislega þátttöku barnanna í skólanum og leyfa þeim að koma meira að ákvarðanatöku eins og að semja reglur.
- Endurskoða má þátttöku barnanna í innra mati.
- Leita ætti leiða til að vinna með sjálfbærni.
- Leita ætti leiða til að auka fjölbreytni í mati á börnum svo sem með hreyfifærnimati, upplýsingum skráningum og ferilmöppu.

## Foreldrasamvinna og ytri tengsl

### Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar. Valið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti þar sem óskað er eftir foreldrum til starfa í ráðið. Í haust gáfu fulltrúar síðasta árs aftur kost á sér. Foreldraráð er því óbreytt frá fyrra ári. Ekki var því um formlega kosningu að ræða þar sem aðrir foreldrar buðu sig ekki fram. Til eru skráðar reglur og starfsáætlun fyrir foreldraráð. Leikskólustjóri boðar til fundar með dagskrá. Fundargerðir eru ritaðar og fara þær á heimasíðu leikskólans. Foreldraráð hefur meðal annars fengið skólanámskrá og starfsáætlun til umsagnar ásamt öðrum skýrslum en ekki komið að gerð þeirra.

<sup>66</sup> Rviðtal við sérkennslustjóra og rýniviðtal við deildarstjóra.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru haldnir fundir eftir þörfum. Í stjórn félagsins sitja sex fulltrúar, einn frá hverri deild. Ritaðar eru fundargerðir sem sendar eru á leikskólastjórnann. Foreldrafélagið er virkt í samstarfi við leikskólann og stendur fyrir hinum ýmsu viðburðum eins og vasaljósaférfi í Þrastarskóg með kakó og piparkökur, leiksyningu, myndatöku leikskólabarna annað hvert ár auk gjafa til útskriftarbarna að vori og gjafa til leikskólans. Foreldrafélagið er með Facebook-síðu.

Kynningarfundir eru haldnir að vori fyrir foreldra allra barna sem byrja í leikskólanum að hausti. Deildarstjóri tekur fyrsta viðtal við foreldra áður en barnið byrjar í leikskólanum og hafa deildarstjórar samræmt hvað rætt er um í þessu viðtali. Foreldrar fá bækling með ýmsum hagnýtum upplýsingum við upphaf leikskólagöngu<sup>67</sup>. Í rýnivíðtali foreldra kom fram að allir foreldrarnir könnuðust við að hafa fengið þessa kynningu og viðtöl. Aðlögun nýrra barna tekur um viku og er sérstök áætlun til um það. Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar hefðu viljað hafa meira um það að segja hvernig aðlögunin fer fram og að meira sé horft á hvert barn fyrir sig<sup>68</sup>.

Notaður er tölvupóstur til að upplýsa foreldra um leikskólastarfið. Mánaðaráætlun er send heim við mánaðamót og síðan er henni fylgt eftir með tölvupósti. Einnig er upplýsingatafla við hverja deild þar sem meðal annars er í lok dags skráð hvað hefur verið gert þann daginn. Lögð er áhersla á dagleg samskipti milli foreldra og starfsmanna. Í rýnivíðtölum kom fram að foreldrum finnst mikilvægast það samtal sem fram fer þegar komið er með börnin og þau sótt. Einnig kom fram að foreldrar leita sér ekki upplýsinga á heimasíðu leikskólans en þeim finnst hún ekki nógu virk<sup>69</sup>.

## Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott, þeir voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn. Þeir segjast eiga góð samskipti við starfsfólk og viðhorf starfsfólks til barna einkennist af hlýju og virðingu. Börnin eru alltaf boðin velkomin þegar þau mæta í leikskólann og foreldrum finnst mikil fagmennska einkenna starfið. Fram kom að gott væri að leita til bæði starfsmanna og stjórnenda og að yfirleitt væri reynt að koma til móts við óskir foreldra. Í rýnihópnum kom fram að foreldrum finnst ekki nægileg þróun í Lubba vinnunni og að elstu börnin væru orðin leið og kvarta<sup>70</sup>. Foreldrakönnun skólalápsins 2017 leiddi í ljós að 92% foreldra eru ánægð með leikskólann.

## Samstarf við grunnskóla

Formlegt og gott samstarf er við grunnskólann. Sérstakt teymi er á milli skólastiga sem fundar á tveggja mánaðar fresti. Á heimasíðu leikskólans kemur fram hvernig samstarfi leik- og grunnskóla í Árborg er háttað. Áætlun er fyrir allt skólaárið og þar kemur fram að tvisvar sinnum á haustönn koma nemendur fyrsta bekkjar í heimsókn í leikskólann og er það á ábyrgð deildarstjóra yngsta stígs grunnskólanna að hafa samband við aðstoðarleikskólastjóra og ákveða dagsetningar. Á vorönn fara síðan leikskólabörnin í heimsókn í grunnskólann og er það á ábyrgð deildarstjóra leikskólans að hafa samband við deildarstjóra yngsta stígs grunnskólanna um fyrirkomulag og tíðni heimsókna. Vorskóli er að vori þar sem leikskólabörnin fara í grunnskólann eftir hádegi og er það unnið í samstarfi við foreldra, leikskólakennara og starfsmenn grunnskólans<sup>71</sup>.

## Annað samstarf

Leikskólinn tekur þátt í *Vor í Árborg* en þá hafa leikskólarnir samstarf við fyrirtæki í bænum um sýningu á verkum barnanna og elstu börn leikskólanna fara á milli dvalarheimila aldraðra og syngja fyrir heimilisfólkið. Í desember eru gluggar stofnana og fyrirtækja í Árborg skreyttir og fá þeir sem taka þátt úthlutað bókstaf sem á að vera sýnilegur í glugganum. Íbúar fara á milli þessara staða og safna saman bókstöfunum en þeir eiga að mynda ákveðið orð. Leikskólinn tekur þátt í þessu og börnin hjálpast að við að undirbúa og skreyta gluggann. Elstu börnin heimsækja bókasafnið reglulega og fá bækur að láni.

<sup>68</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>69</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>70</sup> Rýnihópur foreldra.

<sup>71</sup> Rýnihópur foreldra.

Í rýnihópum kom fram að leikskólinn er staðsettur í útjaðri bæjarins, engar almenningssamgöngur eru innan Árborgar og langt að fara til að eiga samstarf við aðrar stofnanir eins og dvalarheimili aldraðra og bókasafnið. Reynt er að heimsækja fyrirtæki í nágrenninu og kynna börnunum starfsemi þeirra<sup>72</sup>.

### Styrkleikar

- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi í leikskólanum.
- Foreldraráð hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Fundargerðir foreldraráðs eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og er áætlun um það birt í starfsáætlun.
- Starfsfólk leggur sig fram um að koma upplýsingum til foreldra.
- Haldnir eru kynningarfundir fyrir nýja foreldra að vori.
- Gerður hefur verið upplýsingarbæklingur fyrir nýja foreldra.

### Tækifæri til umbóta

- Áfram ætti að leita leiða til að fá foreldra til þátttöku í foreldraráði og kjósa með lýðræðislegum hætti.
- Leita mætti leiða til að koma á móts við óskir foreldra um aðlögun barna.
- Æskilegt er að endurmeta og þróa Lubbastarfið með elstu börnunum.

## Skóli án aðgreiningar

### Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslumálum leikskólans og er hann í 80% starfi. Skólinn nýtur þjónustu fræðsluviðs Árborgar þar sem er starfandi sálfræðingur. Ekki hefur tekist að ráða talmeinafræðing til starfa en verktakasamningur er við Talþjálfun Suðurlands og TRÖPPU um talþjálfun barna. Talmeinafræðingar í verktöku sjá um greiningar og ráðgjöf. Sérkennslustjóri er einn af stjórnendateymi leikskólans og tekur þátt í samráðs- og deildarstjórafundum<sup>73</sup>. Á heimasíðu leikskólans má sjá verkferla leikskóla í Árborg vegna íhlutunar ef grunur vaknar um þroskafrávik<sup>74</sup>.

Sérkennslustjóri fer inn á allar deildir einu sinni í viku í um það bil eina og hálf klukkustund í senn til að fylgjast með og aðstoða við sérkennslu, ef með þarf. Á sex vikna fresti kemur sálfræðingur frá skólaþjónustu Árborgar á fund í leikskólanum þar sem deildarstjórar geta borið upp erindi og fengið ráðgjöf. Ef upp kemur grunur um þroskafrávik eru til verkferlar sem segja til um hvernig skal vinna. Deildarstjóri byrjar á að ráðfæra sig við sérkennslustjóra og í framhaldi af því eru foreldrar boðaðir í viðtal. Sérkennslustjóri gerir ákveðnar athuganir og greiningar áður en erindi er sent til skólaþjónustu Árborgar. Stefna leikskólans er að vinna sem mest með barnið inni á deild í sínum hópi en ef þörf krefur er unnið með barnið einstaklingslega. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir sérkennslubörnin og er það starfsmaðurinn sem sér um sérkennslu barnsins ásamt sérkennslustjóra sem gerir hana í samvinnu við foreldra og deildarstjóra. Út frá einstaklingsáætlun er gerð vinnuáætlun til nokkurra vikna sem allt starfsfólk deildarinnar vinnur eftir. Teymisfundir eru haldnir reglulega á sex vikna fresti og er einstaklingsnámskrá endurmetin á þeim fundum. Sérkennslustjóri heldur utan um teymisfundina og sér um að boða til þeirra í samvinnu við deildarstjóra. Allt starfsfólk leikskólans fær upplýsingar og fræðslu um barnið ef um meiriháttar sérkennslu er að ræða og sjá sérkennslustjóri og deildarstjóri um það. Starfsfólk er hvatt til að sækja sér fræðslu með því að fara á námskeið og einnig eru á skipu-

<sup>72</sup> Viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, rýnihóp deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

<sup>73</sup> Rýniviðtal við sérkennslustjóra.

<sup>74</sup> Heimasíða Jötunheima.

lagsdögum fengnir utanaðkomandi fyrirlesarar. Fram kom í viðtölum að starfsfólk telur sig fá góða kynningu og fræðslu um sérkennslu í leikskólanum<sup>75</sup>.

Ánægja er með aðstöðu og búnað sem tilheyrir sérkennslu. Ávallt er brugðist vel við og bæði húsnæði og búnaður aðlagður þörfum barnsins. Einnig kom fram að skólinn er vel búinn kennslugögnum<sup>76</sup>.

## Börn með annað móðurmál en íslensku

Í Sveitarfélaginu Árborg var stofnaður faghópur til að vinna að áætlun og stefnu fyrir sveitarfélagið fyrir tvítyngda nemendur skólanna og fjölskyldur þeirra. Hópurinn var skipaður fulltrúum frá öllum leik – og grunnskólum sveitarfélagsins og fulltrúum frá Skólaþjónustunni. Fljótlega í ferlinu kom fram ósk um að gera bæklinga fyrir foreldra af erlendum uppruna sem flytjast í Árborg með helstu upplýsingum varðandi skólahald í leik- og grunnskólum<sup>77</sup>. Þessi bæklingur er á lokastigi en í honum er meðal annars móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Í rýnihópum kom fram að notast er við túlk í foreldraviðtölum þegar það á við<sup>78</sup>.

## Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn með skilgreindar þarfir.
- Góð aðstaða og búnaður er til sérkennslu í leikskólanum.
- Allt starfsfólk leikskólans fær upplýsingar og fræðslu í sambandi við sérkennslu.
- Starfsfólk er hvatt til að leita sér fræðslu varðandi sérstakar þarfir barna.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Til eru skráðir verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik.

## Innra mat

### Skipulag og viðfangsefni

Innra mat leikskólans er kerfisbundið og mynda stjórnendur matsteymi. Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starfið og þar er að finna langtímaáætlun til næstu sex ára. Í ársskýrslu leikskólans Jötunheima segir að mat á starfi skólans fari fram með ýmsum hætti, s.s. á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem stjórnendateymi fer yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu. Í starfsmannsamtölum eru metnir þættir eins og líðan, þarfir, starfsandi, starfshættir, samskipti, samstarf og endurmenntun. Í viðtali við aðstoðarleikskólalastjóra kemur fram að mat á starfinu sé frekar huglægt og sé að mestu unnið á deildarfundum. Forgangsröðun mats er í höndum stjórnendateymis og niðurstöður eru kynntar á starfsmannafundum og deildarfundum þar sem öllum gefst kostur á að taka þátt í umræðum. Sveitarfélagið leggur fyrir kannanir í gegnum Skólaþúlsinn og er lögð könnun annað hvert ár fyrir foreldra og hitt árið fyrir starfsmenn. Niðurstöður úr þessum könnunum eru nýttar í innra mat og í umbótaáætlun.

<sup>75</sup> Rýnihópur leikskólakennara og starfsmanna.

<sup>76</sup> Rýniviðtal við sérkennslustjóra.

<sup>77</sup> Fjölmenningarleg menntun í sveitarfélaginu Árborg.

<sup>78</sup> Rýniviðtal við sérkennslustjóra og leikskólalastjóra.

## Gagnaöflun og vinnubrögð

Mat á framförum barna fer reglulega fram. Starfsfólk skráir hópastarf og foreldrum er sendur spurningalisti fyrir foreldraviðtöl<sup>79</sup>. Notaðir eru matslistar eins og Hljóm 2, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn, Tras-listinn, Orðaskil og Aeps-listinn<sup>80</sup>. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérkennslu sem eru endurmetnar á ca. 6 vikna fresti. Foreldrar eru með í þeirri vinnu. Foreldraráð les meðal annars yfir og samþykkir starfsáætlun og skólanámskrá og hefur tækifæri til að koma með athugasemdir. Börn og foreldrar koma ekki að mati á starfi leikskólans.

## Opinber birting og umbætur

Niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins eru birtar á heimasíðu Jötunheima. Niðurstöður úr innra mati eru birtar á heimasíðu leikskólans og sendir leikskólastjóri foreldrum tölvupóst til að láta vita að niðurstöður séu komnar á heimasíðu<sup>81</sup>. Umbótaáætlun er gerð og er birt á heimasíðu leikskólans.

## Styrkleikar

- Matsteymi er myndað af stjórnendateymi.
- Mat er kerfisbundið.
- Gerð er langtíma matsáætlun.
- Starfsþróunarsamtöl eru nýtt til að meta.
- Gerð er umbótaáætlun.
- Umbótaáætlun og niðurstöður endurmats eru birtar á heimasíðu leikskólans.

## Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að foreldrar og börn komi í meira mæli að innra mati leikskólans.
- Nýta mætti möppur barnanna til endurmats með þeim.

<sup>79</sup> Rýnihópur leikskólakennara.

<sup>80</sup> Rýniviðtal við sérkennslustjóra.

<sup>81</sup> Rýniviðtal við leikskólastjóra.

## Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- $D \rightarrow 1,0 - 1,5 = \text{rautt}$  – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- $C \rightarrow 1,6 - 2,5 = \text{gult}$  – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- $B \rightarrow 2,6 - 3,5 = \text{ljósgrænt}$  – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- $A \rightarrow 3,6 - 4 = \text{grænt}$  – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólabróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

## Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólans Jötunheima: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

### Styrkleikar

- Góð aðstaða er fyrir alla þætti leikskólastarfsins.
- Leikurinn er nýttur sem kennsluáferð.
- Unnið er markvisst með læsi samanber Lubbi finnur málbein.
- Dagskipulag miðast við að samfelldur tími sé fyrir sjálfsprottinn leik.
- Unnið er markvisst með hreyfingu og vellíðan.
- Matur er að mestu leyti unninn frá grunni.
- Leikskólinn tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi leikskóli á vegum landlæknis.
- Góð samskipti og samvinna er á milli leikskóla og skólalþjónustu Árborgar.
- Skólanámskrá var síðast endurskoðuð 2015 og er næsta endurkoðun á áætlun 2018.
- Skólanámskrá og starfsáætlun eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Jafnréttisáætlun, eineltisáætlun, áfallaáætlun og forvarnaráætlun eru til.
- Starfsandi og skólabragur er góður og öðrum til eftirbreytni.
- Starfsmannahandbók/starfsmannakver er afhent öllum nýliðum í starfi.
- Mikill metnaður er í starfi og eru starfsmenn stoltir af starfi sínu og líður vel.
- Unnið er að uppbyggingu lærdómssamfélags í Jötunheimum.
- Stjórnendateymi er sýnilegt og virkt.
- Allir starfsmenn fá að hafa rödd – hlustað er eftir skoðunum allra.
- Til eftirbreytni er að undirbúningstímar eru virtir og falla aldrei niður, verklag öðrum til eftirbreytni.
- Allir starfsmenn fá undirbúningstíma.
- Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti svo til fyrirmyndar er.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með starfið í leikskólanum.
- Foreldrar upplifa góðan starfsanda, jákvæðni, gleði og metnaðarfullt starfsfólk.
- Börnunum líður vel í leikskólanum.
- Sveitarfélagið heldur vel utan um stjórnendur .
- Leitast er við að nýta allt húsnæðið sem best og vinna með börnin í litlum hópum.
- Gert er ráð fyrir löngum samfelldum tíma fyrir leikinn.
- Börnum eru gefin tækifæri til að þróa hugmyndir sínar í gegnum leik.

- Börnin hafa frjálst val um leiksvæði innandyra, gott aðgengi að efniviði og frjálst val um leikfélaga.
- Fjölbreyttur efniviður er til staðar fyrir börnin.
- Starfsfólk leggur sig fram um að hafa jákvæð samskipti við börnin.
- Stefna leikskólans birtist skýrt í leikskólastarfinu.
- Unnið er markvisst að því að viðhalda og auka jákvæðni og gleði í leikskólanum.
- Stöðugleiki er í starfsmannahópnum.
- Leikskólinn hefur skýra verkferla varðandi þróun skólastarfs.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og þeir telja að telja að börnunum líði þar vel.
- Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi í leikskólanum.
- Foreldraráð hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Fundargerðir foreldraráðs eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Formlegt samstarf er við grunnskólann og er áætlun um það birt í starfsáætlun.
- Starfsfólk leggur sig fram um að koma upplýsingum til foreldra.
- Haldnir eru kynningarfundir fyrir nýja foreldra að vori.
- Gerður hefur verið upplýsingarbæklingur fyrir nýja foreldra.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn með skilgreindar þarfir.
- Góð aðstaða og búnaður er til sérkennslu í leikskólanum.
- Allt starfsfólk leikskólans fær upplýsingar og fræðslu í sambandi við sérkennslu.
- Starfsfólk er hvatt til að leita sér fræðslu varðandi sérstakar þarfir barna.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Til eru skráðir verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik.
- Matsteymi er myndað af stjórnendateymi.
- Mat er kerfisbundið.
- Gerð er langtíma matsáætlun.
- Starfsþróunarsamtöl eru nýtt til að meta.
- Gerð er umbótaáætlun.
- Niðurstöður endurmats og umbótaáætlun eru birtar á heimasíðu leikskólans.



## Tækifæri til umbóta

- Bæta þarf hitastýringu á húsinu.
- Laga þarf leka í húsinu.
- Bæta þarf loftræstingu á skrifstofu sérkennslustjóra með opnanlegum glugga.
- Bæta þarf aðkomu að skólanum með fjölgun bílastæða.
- Endurgera þarf lóð leikskólans.
- Æskilegt er að afmarka öruggt leiksvæði fyrir yngstu börnin í útiveru.
- Æskilegt er að skoða hvort þörf er á barnafækkun á deildum þar sem mikið fötluð börn eru.
- Æskilegt er að sveitarfélagið endurskoði áfallaáætlun með tilliti til reynslu og veiti leikskólanum stuðning ef upp koma áföll.
- Gera má verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra skriflega.
- Auka þarf aðkomu barna og foreldra að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Æskilegt væri að fjölga starfsmannafundum til að hafa meira rými til faglegrar umræðu.
- Endurskoða má lýðræðislega þátttöku barnanna í leikskólanum og leyfa þeim að koma meira að ákvarðanatöku eins og að semja reglur.
- Endurskoða má þátttöku barnanna í innra mati.
- Leita ætti leiða til að vinna með sjálfbærni.
- Leita ætti leiða til að auka fjölbreytni í mati á börnum svo sem með hreyfifærnimati, uppeldislegum skráningum og ferilmöppu.
- Áfram ætti að leita leiða til að fá foreldra til þátttöku í foreldraráði og kjósa með lýðræðislegum hætti.
- Leita mætti leiða til að koma á móts við óskir foreldra um aðlögun barna.
- Æskilegt er að endurmeta og þróa Lubbastarfið með elstu börnunum.
- Leita þarf leiða til að foreldrar og börn komi í meira mæli að innra mati leikskólans.
- Nýta mætti möppur barnanna til endurmats með þeim

## Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugun, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Jötunheimum leiðir í ljós að þar fer fram metnaðarfullt leikskólastarf. Stefna leikskólans með áherslu á sjálfsþróttinn leik birtist mjög vel í starfinu. Skipulag náms og starfaðstæður eru góðar og börnunum líður vel í leikskólanum. Gott samstarf er við foreldra og voru þeir ánægðir með samskipti við stjórnendur og starfsfólk og telja að börnunum líði vel. Leikskólinn er vel mannaður fagfólki og er stjórnunin til fyrirmyndar. Leikskólastjóri aðhyllist valddreifingu í stjórnun og er til fyrirmyndar hvernig allt starfsfólk kom að gerð skólanámskrár, starfsáætlana, þróunarverkefna og öðru því sem verið er að vinna að í leikskólanum. Starfsandi er með eindæmum góður. Unnið er í teyrum og er til fyrirmyndar hvernig allir starfsmenn fá tækifæri til að taka þátt í umræðunni og finna að þeirra rödd skiptir máli. Gott skipulag er í allri stjórnun, verkferlar eru skriflegir og aðgengilegir á heimasíðu leikskólans. Skólabragur er góður og starfsmannhópurinn hefur metnað fyrir góðu starfi.

## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 12. maí 2016. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Gögn frá leikskólastjóra.

Heimasíða Jötunheima.

Heimasíða sveitafélagsins Árborg.

Leikskóladagatal 2017-2018.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Skólanámskrá Jötunheima.

Starfsáætlun Jötunheima 2017-2018.

Starfsmannakver Jötunheima.

Starfsskýrsla Jötunheima 2016-2017.

### **Viðtöl:**

Símtal við fræðslustjóra Árborg.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

